

# Auglýsing

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið 1914.

*Skrás. 1914 nr. 1.*

Tilkynt 27. febr. 1914, kl. 2 síðd, af Hinu íslenska steinolíuhlutafjelagi, verslun, Reykjavík, og skrásett 5. mars s. á.



Lýsing á merkinu:

Hringmyndaður flötur, og stendur á honum í baug kringum hann: Mótörsteinolía, Hið íslenska steinolíuhlutafjelag, og þar á milli tvær stjörnur. Undir orðinu Mótörsteinolía stendur orðið: Óðinn. Þar undir er jafnarma þrihyrningur, og innan í honum mynd af fálka. Fyrir neðan þrihyrninginn standa í svigum orðin: Prime american Standard white, og þar undir með stærra letri orðið: Reykjavík.

- 150** Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir, og nafnið Óðinn er sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

*Skrás. 1914 nr. 2.*

Tilkýnt 27. febr. 1914, kl. 2 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 5. mars s. á.



Lýsing á merkinu:

Hringmyndaður flötur, og stendur á honum í baug í kringum hann: Mótörsteinolía, Hið íslenska steinolíuhlutafjelag, og þar á milli tvær stjörnur. Undir orðinu Mótörsteinolía stendur orðið: Þór. Þar undir er jafnarma þríhyrningur, og innan í honum mynd af fálka. Fyrir neðan þríhyrninginn standa í svigum orðin: Stand. white 26°, og þar undir með stærra letri orðið: Reykjavík.

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir, og nafnið Þór er  
jerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir. **150**

*Skrás. 1914 nr. 3.*

Tilkynt 27. febr. 1914, kl. 2 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 5. mars s á.



Lýsing á merkinu:

Hringmyndaður flötur og stendur á honum í baug í kringum hann: Sólárljós, Hið íslenska steinolíuhlutafjelag, og þar á milli tvær stjörnur. Undir orðinu Sólárljós er jafnarma þríhyrningur, og innan í honum mynd af fálka. Undir þríhyrningnum standa í svigum orðin: Prime american Water white og þar undir með stærra letri orðið: Reykjavík.

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir og nafnið Sólárljós er sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

*Skrás. 1914 nr. 4.*

Tilkynt 11. mars 1914, kl. 12 á háð., af Det Danske Petroleums-Aktie-

150 selskab, verslunarfjelagi, Vestre-Boulevard 17, Kaupmannahöfn, og skrásett 14. s. m.  
Lýsing á merkinu: Orðið

# ALFA

Merkið er aðeins skrásett fyrir allskonar steinolíuafurðir, og skal nota það sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Samkv. tilk., dags. 21. jan. 1914, hefir merkið verið skrásett í Kaupmannahöfn 14. febr. s. á.

*Skrás. 1914 nr. 5.*

Tilkynt 18. apríl 1914, kl. 2 sídd., af Thor E. Tulinius, stórkaupmanni, Havnegade 43, Kaupmannahöfn, og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu:

Brot af flaggstöng (efri blutinn) með flaggi. Í flagginu eru tvö T á hliðinni, er snúa hausum saman, og mynda þannig hvítan kross í rauðum feldi.

*Skrás. 1914 nr. 6.*

Tilkynt 3. júní 1914, kl. 5 sídd., af Blyth & Platt, Ltd., verslun, Watford, Hertfordshire, Englandi, og skrásett 6. s. m.



Lýsing á merkinu:


Gleraugnanaðra búin til bits og hægra megin við hana prentað innan gæsalappa orðið: COBRA.

Merkið á að nota sem einkenni á allskonar fágunarefnum: fágunarduftum, fágunarsápum, fágunarvökvum og þess konar, og er nafnið »Cobra« sjerstaklega tilbúið heiti í þessu skyni. **150**

Samkv. tilk., dags. 27. febr. 1912, er merki þetta skrásett í London, 50. flokki, fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1914 nr. 7.*

Tilkent 4. júní 1914, kl. 11 árd., af hlutafjelaginu »Eimskipafjelag Íslands«, Reykjavík, og skrásett 6. s. m.




Lýsing á merkinu:

Þórsmerki (kross með hökum), og era hakarnir á lengd helmingur af lengd hverrar hinna fjögra krossálma, og jafnir þeim á breidd, en breidd hverrar krossálmu er helmingur af lengd hennar.

*Skrds. 1914 nr. 8.*

Tilkynt 16. júlí 1914, kl. 5 síðd., af Gísla Guðmundssyni, Reykjavík, eiganda gosdrykkja-verksmiðjunnar »Sanitas«, og skrásett 18. s. m.




Lýsing á merkinu:

Brot af flaggstöng með flaggi. I flagginu er stafurinn S, og sexhyrnd stjarna sín hvoru megin.

*Skrás. 1914 n. 9.*

Tilkynt 31. ágúst 1914, kl. 5<sup>1</sup>/<sub>2</sub> sídd., af Leonh. Tang & Són, verslun, Stykkishólmi, og skrásett 5. september s. á.



Lýsing á merkinu:

Upphafsstafurinn D í aflöngum, rjetthyrndum ferhyrningi.

Merkið á að nota á saltað dillkakjöt með grænu merkibleki.

*Skrifstofu vörumerkjaskrárritarans í Reykjavík, 31. des 1914.*